



Endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2003-2015

Verkefnislýsing skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Útg. 15. júní 2016



1	Inngangur	3
1.1	Ákvörðun um endurskoðun	3
1.2	Hlutverk aðalskipulags og rammahluta.....	3
1.3	Skipulagssvæðið	4
1.4	Umsjón.....	4
1.5	Leiðarljós.....	5
2	Viðfangsefni	6
2.1	Heildarstefna	6
2.2	Rammahlutar aðalskipulags.....	8
3	Samhengi.....	9
3.1	Landfræðilegt samhengi	9
3.2	Stjórnsýslusamhengi	9
3.3	Samhengi við aðra áætlunargerð	10
4	Nálgun við áætlunargerðina.....	13
4.1	Nálgun við greiningu og stefnumótun	13
4.2	Nálgun við umhverfismat.....	14
4.3	Nálgun við samráð og kynningu	15
5	Skipulagsferlið og áætluð tímarás.....	17
5.1	Fyrsti áfangi: Undirbúningur.....	17
5.2	Annar áfangi: Verkefnislýsing	17
5.3	Þriðji áfangi: Greining.....	17

5.4	Fjórði áfangi: Stefnumótun og umhverfismat.....	17
5.5	Fimmti áfangi: Kynning, umsagnir, auglýsing.....	17
5.6	Sjötti áfangi: Afgreiðsla eftir auglýsingu.....	18
6	Næstu skref	18
	Ítarefni.....	19

HVAÐ STENDUR Í ÞESSU SKJALI?

Í þessu skjali er því lýst hvernig staðið verður að endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar og um hvað hún snýst. Hlutverk skjalsins er veita upplýsingar um þá vinnu og gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu.

HVAÐA ERINDI Á ÞETTA VIÐ MIG?

Markmiðið er að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, m.a. stjórnvöld og stofnanir með sérþekkingu á ákveðnum sviðum, fái tækifæri til að kynna sér frá upphafi hugmyndir að nýju aðalskipulagi og að þeir geti komið athugasemdum sínum á framfæri. Ábendingar sem berast við lýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið og ferli þess nánar, en einnig við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar. Með því að kalla eftir upplýsingum og sjónarmiðum þessara aðila snemma í ferlinu, aukast líkur á að skipulagstillagan byggji á sem breiðustum grunni og taki á þeim þáttum sem snerta munu framtíðarþróun í sveitarfélaginu.

HVAÐ GET ÉG LAGT AF MÖRKUM?

Bæjarstjórn leitar eftir ábendingum í formi hugmynda, tillagna, athugasemda eða spurninga um efni lýsingarinnar. Til að auðvelda lesendum að átta sig á efninu og hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum, er sérstökum spurningum, innrömmuðum, beint til lesenda.

HVERNIG TEK ÉG ÞÁTT?

Árangur vinnunnar veltur ekki síst á því að íbúar fylgist með og taki þátt. Íbúar eru því sérstaklega hvattir til að koma á framfæri ábendingum eða spyrja spurninga um efni þessa skjals, í síðasta lagi miðvikud. 13. júlí 2016, sjá kafla 6.

Skipulagslýsingin er kynnt opinberlega, m.a. birt á vef aðalskipulagsins, www.skipulag.grundarfjordur.is með tengingu á vef bæjarins og auglýsingar birtar um hana í héraðsblöðum og dagblaði, dagana 15.-16. júní 2016. Auk þess verður hún send Skipulagsstofnun og öðrum aðilum til umsagnar (sjá lista í kafla 4.3). Þá gefst tækifæri til að koma hugmyndum og ábendingum á framfæri eftir mismunandi leiðum, eins og kynnt er á vef skipulagsins og í auglýsingum um lýsinguna.

Spurningar til lesenda um skjalið

1. Er eitthvað annað sem þér finnst að ætti að fjalla um í verkefninu en tilgreint er í kafla 2?
2. Finnst þér vanta upplýsingar í kafla 3.1 og 3.2 þar sem fjallað er um samhengi skipulagssvæðisins út frá landfræði og stjórnsýslu.
3. Þekkir þú til annarra stefnuskjala eða verkefna en tilgreind eru í kafla 3.3 sem þér finnst tengjast verkefninu?
4. Hefur þú ábendingar um greiningu og stefnumótun, umhverfismat og samráð, sbr. kafla 4.1, 4.2 og 4.3?
5. Hefur þú athugasemdir við vinnuferlið, sbr. kafla 5 og 6?

1 INNGANGUR

1.1 ÁKVÖRÐUN UM ENDURSKOÐUN

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti í október 2014 að láta fara fram heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Meginástæður endurskoðunar eru þær, að í fyrsta lagi er skipulagstímabil gildandi aðalskipulags til ársins 2015 og því kominn tími á endurskoðun. Í öðru lagi hafa, frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest, fyrir þéttbýlið 2003 og dreifbýlið 2010, tekið gildi ný skipulagslög og -reglugerð og kalla þau á ákveðna uppfærslu í framsetningu aðalskipulags. Í þriðja lagi hefur Alþingi staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana. Í fjórða lagi tók svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes gildi í mars 2015, en það leggur ákveðnar línur sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sammælt um að útfæra nánar í aðalskipulagi sínu.

Í kafla 2 er nánar vikið að þeim atriðum sem tekin verða fyrir við endurskoðunina, en þar verður tekið tillit til þróunar sem orðið hefur frá því gildandi aðalskipulag var samþykkt. Á grunni þess mats verða viðfangsefni endurskoðunar endanlega ákveðin og stefna til a.m.k. næstu 12 ára mótuð. Bæjarstjórn samþykkti einnig að vinna rammahluta aðalskipulags fyrir þrjú svæði í þéttbýlinu; miðbæjarsvæðið, hafnarsvæðið og Framnes. Mörk rammahlutanna verða nánar ákveðin þegar vinna við greiningu hefst. Umhverfismat áætlunar verður samhliða unnið fyrir hið endurskoðaða aðalskipulag, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samið var við ráðgjafarfyrirtækið Alta um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina.

Með þessari lýsingu er verkefnið kynnt til að auðvelda íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta, að taka þátt í mótun endurskoðaðrar skipulagsáætlunar og koma athugasemdum á framfæri.

1.2 HLUTVERK AÐALSKIPULAGS OG RAMMAHLUTA

Aðalskipulag er stefna sveitarstjórnar um þróun byggðarinnar og er því lykilverkfæri hennar. Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnu sína um landnotkun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi í sveitarfélaginu. Markmið með gerð aðalskipulags, auk almennra markmiða skv. skipulagsreglugerð, eru:

- að vera vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins,
- að sýna með skýrum hætti hver stefna sveitarfélags er og stuðla þannig að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna,
- að miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu,
- að stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Í rammahlutum aðalskipulags eru afmörkuð svæði rýnd nánar og gefin ítarlegri leiðsögn fyrir mótun deiliskipulags. Svæðinu er þá skipt í deiliskipulagsreiti og sett nákvæmari ákvæði; markmiðum og áherslum er lýst, s.s. um starfsemi, mögulegt byggingarmagn, gatnakerfi, bæjarmynd og umhverfisfrágang. Þannig setur ramminn fram ákveðna uppbyggingarmöguleika sem gætu hvatt til fjárfestinga.

Aðalskipulag er verkfæri til að:

- Setja fram **framtiðarsýn og meginstefnu í atvinnu-, samfélags- og umhverfismálum** í þeim tilgangi að styrkja byggðina.
- Marka og útfæra stefnu um **landnotkun og grunngerð** sem styður við meginstefnuna og til nánari útfærslu í deiliskipulagi. Í því samhengi er aðalskipulaginu ætlað að útfæra nánar stefnu svæðisskipulags.

Rammahluti aðalskipulags er verkfæri sem:

- Hentar vel til að útfæra betur svæði þar sem breytingar eiga sér stað og uppbyggingar er þörf.
- Getur leitt til ódýrari og markvissari deiliskipulagsvinnu.

1.3 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Í 1. mgr. 28. gr. skipulagslaga segir að aðalskipulag sé skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skuli taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins.

Aðalskipulagið gildir því um allt land sem fellur innan staðarmarka Grundarfjarðarbæjar. Við endurskoðun aðalskipulagsins verða skipulagsmörk dregin 115 metrum utan við stórstraumsfjörumörk. Það er í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og jarðalögum nr. 81/2004.

Skipulagsmörk eru sýnd á mynd nr. 1.

1.4 UMSJÓN

Skipulags- og umhverfisnefnd Grundarfjarðarbæjar sér um vinnu við gerð skipulagsins í umboði og undir yfirstjórn bæjarstjórnar, skv. skipulagslögum. Nefndina skipa:


Ólafur Tryggvason, formaður
Helena María Jónsdóttir Stolzenwald
Runólfur J. Kristjánsson
Unnur Þóra Sigurðardóttir
Vignir Smári Mariásson

Gunnar Sigurgeir Ragnarsson skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með nefndinni.

Bæjarstjórn ákvað að viðhafa það fyrirkomulag í vinnu nefndarinnar að þegar fjallað er um endurskoðun aðalskipulagsins, þá væru boðaðir til fundar undir þeim lið, forseti og varaforseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri og hafnarstjóri.

Helstu ráðgjafar nefndarinnar við endurskoðun aðalskipulagsins eru:

Björg Ágústsdóttir, verkefnisstjóri, Alta
Matthildur Kr. Elmarsdóttir, skipulagsfræðingur, Alta
Herborg Árnadóttir, B.A. arkitektúr, M.S. landfræði, Alta



Mynd 1. Skipulagsmörk (rauð brotalína)

1.5 LEIÐARLJÓS

Leiðarljós vinnunnar við endurskoðun aðalskipulagsins byggja á þeim leiðarljósum sem unnið var eftir við gerð Svæðisskipulags Snæfellsness, aðlöguð að þörfum aðalskipulagsverkefnisins:

- **Frumkvæði íbúa, samvinna og sameiginleg sýn er lykilatriði fyrir árangur** – *um það snýst gott samfélag.*
- **Verndun og nýting þurfa að haldast í hendur** – *um það snýst sjálfbær þróun.*
- **Upplýsingar og ný þekking getur kveikt hugmyndir** – *um það snýst nýsköpun.*
- **Skýr skilaboð um svæðið skapa skýra ímynd** – *um það snýst góð markaðssetning, bæði á héraðsvísu skv. svæðisskipulagi, en einnig skv. aðalskipulagi bæjarins. Afurð skipulagsvinnunnar á að nýtast bæjarstjórn til kynningar á aðstæðum og tækifærum í bænum.*
- **Þróun vöru og þjónustu á að byggja á sérkennum svæðisins** – *um það snýst varanlegt samkeppnisforskot.*

Þessi leiðarljós lýsa þeirri meginhugmyndafræði sem skipulagsvinnan gengur út á og út frá, þ.e. að með frumkvæði og samvinnu; aðgengilegum upplýsingum um auðlindir og sérkenni svæðisins, byggðum á grunni svæðisskipulags yfir í aðalskipulag; skýrum skilaboðum um hvað svæðið stendur fyrir; ábyrgri stjórnun auðlinda og eflingu atvinnulífs sem byggir á sérkennum svæðisins, megi örva atvinnulífið og efla samfélagið.



2 VIÐFANGSEFNI

2.1 HEILDARSTEFNA

Í skipulagsvinnunni verður farið yfir hvaða viðfangsefni í sveitarfélaginu kalla á sérstaka athygli, en á þessu stigi hefur skipulags- og umhverfisnefnd tilgreint eftirfarandi efni, bæði fyrir rammahluta aðalskipulagsins og heildarstefnuna. Eins og sagði í kafla 1.1 verða viðfangsefnin þó endanlega ákveðin eftir mat á þeirri þróun sem orðið hefur síðan gildandi skipulag var staðfest, sjá einnig umfjöllun um greiningu í kafla 4.1. Mikilvægt er því að vekja athygli á að opið er fyrir umfjöllun um önnur atriði sem íbúar eða aðrir kunna að vilja fjalla um:

- Framtíðarbyggingarsvæði; farið verður yfir forsendur sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi. Íbúafjöldi hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu árin í sveitarfélaginu, en engu að síður er í dag talsverð þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði, einkum minni íbúðir. Sú staða, að nokkur fjöldi auðra íbúða er í bæjarfélaginu, verður yfirfarin í þessu samhengi.
- Samspil núverandi starfsemi við nýja; viðfangsefnið er að tryggja svigrúm núverandi starfsemi til að þróast, en jafnframt að skapa aðstæður til nýrrar uppbyggingar í samræmi við svæðisskipulag og nánari landnotkunarskilmála aðalskipulags
- Samstilling atvinnugreina og sátt þar á milli um uppbyggingu sem byggð er á auðlindum svæðisins; viðfangsefnið er samtal milli ólíkra atvinnugreina sem nýta auðlindir og aðstöðu í sveitarfélaginu / á svæðinu
- Stækkun hafnarsvæðis; fyrir liggja hugmyndir um að stækka Norðurgarð Grundarfjarðarhafnar og auka athafnarými við garðinn að sama skapi. Í núgildandi skipulagi er gert ráð fyrir vegi sem tengir saman hafnarsvæðin, neðan við Grundargötu, og verður skipulag þess svæðis rætt frekar.
- Landnotkun í dreifbýli; skoðað verður hvort breytingar á búskaparháttum og búsetu kalli á breytta landnotkun í dreifbýlinu – og þá að hvaða leyti.

- Útfærsla á markmiðum svæðisskipulags sem snúa að stefnu þess um ferðapjónustu á Snæfellsnesi; m.a. móttaka og aðstaða fyrir ferðamenn, s.s. staðsetning stærri þjónustumannvirkja (t.d. hótél), áfanga-/áningarstaðir, leiðir, bílastæði, snyrtingar o.fl.
- Stígakerfi innan og utan bæjar, þ.m.t. milli sveitarfélaga.
- Skilgreina þarf betur og gera ráð fyrir fleiri útivistarsvæðum, t.d. skíðasvæði, göngustígum, auknum gróðri ofan byggðar, o.þ.h.
- Efnistökusvæði verða yfirfarin og rædd þörf til framtíðar.

Við endurskoðunina verður aðalskipulag sett fram m.t.t. efnis landsskipulagsstefnu og Svæðisskipulags Snæfellsness. Landnotkunarflokkar skv. skipulagsreglugerð verða teknir fyrir og ræddir í samhengi við þemu svæðisskipulags, eins og mynd 2 sýnir og nánar er fjallað um í kafla 3.

Landnotkunarflokkar	Þemu svæðisskipulags					
	Lífsgæði	Landslag	Matur	Iðnaður	Ferðalag	Grunngerð
	Íbúðarbyggð	Efnistöku- og efnislosunarsvæði	Landbúnaðarsvæði	Athafnasvæði	Afþreyingar- og ferðamannasv.	Vegir, götur og stigar
	Samfélagsþjónusta	Skógræktar- og landgr.	Vatnsból	Iðnaðarsvæði	Fristunda- byggð	Flugvellir
	Verslun, þjónusta, miðsvæði	Strandsvæði			Verslun- og þjónusta, miðsvæði	Hafnir
	Opin svæði, íþróttasvæði, afþreyingarsv.	Vötn, ár og sjór Sérstök not haf- og vatnssvæða			Opin svæði, íþróttasvæði afþreyingarsv.	Veitur
	Kirkjugarðar, grafreitir	Óbyggð svæði				

Mynd 2. Samhengi landnotkunarflokka skipulagsreglugerðar við þemu Svæðisskipulags Snæfellsness.

Samkvæmt grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð skal marka stefnu um eftirfarandi viðfangsefni í aðalskipulagi:

- A. Athafna- og iðnaðarstarfsemi.
- B. Blöndun íbúða við aðra landnotkun.
- C. Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs.
- D. Íbúáþróun, íbúasamsetning, íbúðarhúsnæði, íbúðarbyggð.
- E. Landbúnaðarsvæði, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum.
- F. Samræmi stefnu aðalskipulags við landsskipulagsstefnu.
- G. Opín svæði, útivistarsvæði og aðstaða til íþróttaiðkana,
- H. Samgöngur, vegir og stígar.
- I. Hvernig stefna aðalskipulags styður við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu, sérstaklega hvað varðar búsetumynstur, samgöngur og auðlindanýtingu.
- J. Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlands.
- K. Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.
- L. Varúðarsvæði og náttúruvá.
- M. Veitur og fjarskipti.
- N. Hvernig skipulagið hefur verið samræmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.
- O. Vernd vatns, náttúru- og menningarminja.
- P. Verslun og önnur þjónusta. Þróun miðbæjarstarfsemi, nærþjónustu og annarrar verslunar- og þjónustustarfsemi, þ.m.t. skóla, menningarstarfsemi og ferðamannþjónustu og megináhrifaþætti á miðbæjarstarfsemi.

Q. Þróun þéttbýlis, helstu einkenni einstakra þéttbýlisstaða, samspili þeirra og hlutverkaskiptingu.

Þessi viðfangsefni verða til umfjöllunar við endurskoðun aðalskipulagsins í samræmi við þann ramma sem stuðst er við úr Svæðisskipulagi Snæfellsness, en í því eru viðfangsefni flokkuð undir sex þemu (sjá kafla 3.3). Stefna um landnotkun í aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar verður þannig sett í samhengi við stefnu um hvert þema svæðisskipulags.

Spurning til lesenda

- 6. Eru önnur viðfangsefni sem fjalla ætti um við endurskoðun aðalskipulagsins?

2.2 RAMMAHLUTAR AÐALSKIPULAGS

Bæjarstjórn ákvað að hluti af endurskoðun aðalskipulagsins væri að vinna rammahluta aðalskipulagsins fyrir þrjú svæði; miðbæ, hafnarsvæði og Framnes (svæðið úti á Nesi). Um er að ræða svæði sem kalla á ítarlegri stefnu um framtíðarnotkun eða þróun svæðis. Í vinnunni felst að þessi svæði verða rýnd nánar og gefin ítarlegri leiðsögn fyrir mótun deiliskipulags en almennt er gert í aðalskipulagi. Nákvæm afmörkun svæðanna verður ákveðin í greiningarhluta vinnunnar. Lagt er upp með að hver kjarni haldi í sín séreinkenni en litið verður til tenginga þeirra á milli og flæðis um svæðið í heild sinni. Svæðinu verður skipt í deiliskipulagsreiti og nákvæmari ákvæði sett; markmiðum og áherslum um þróun í starfsemi og umhverfi verður lýst, s.s. um landnotkun og blöndun hennar, gerð húsnæðis, yfirbragð byggðar, umferðarskipulag og fyrirkomulag almenningsrýma. Ramminn setur fram ákveðna uppbyggingarmöguleika sem gæti hvatt til fjárfestinga.



Mynd 3. Svæði í gildandi aðalskipulagi sem verða tekin til skoðunar við gerð rammahluta aðalskipulags; miðbær (gult), Framnes (grátt) og hafnarsvæði (blátt). Gera má ráð fyrir að mörk rammahluta muni færast til.

3 SAMHENGIR

3.1 LANDFRÆÐILEGT SAMHENGIR

Skipulagssvæðið er 162.285 km² að flatarmáli, staðsett á miðju norðanverðu Snæfellsnesi og liggur að Breiðafirði til norðurs. Melrakkaey á Grundarfirði tilheyrir sveitarfélaginu, en hún var friðlýst árið 1971 með það að markmiði að vernda fuglalíf eyjunnar.

Aðliggjandi sveitarfélög eru Snæfellsbær vestan og sunnan megin og Helgafellssveit austan megin. Um 25 km akstursleið er í næsta þéttbýli, Ólafsvík og um 38 km akstursleið í Stykkishólm. Akstursleið í Borgarnes er um 100 km og til höfuðborgarinnar er um 176 km akstur, en um 417 km akstursleið til höfuðstaðar Norðurlands, Akureyrar.

Þýðing fyrir áætlunargerðina

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður eftirfarandi einkum skoðað:

- Staðsetning sveitarfélagsins, á miðju norðanverðu Snæfellsnesi, og samhengi við önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi.
- Lega svæðisins að verðmætu hafsvæði; Breiðafirði.

Spurning til lesenda

6. Er eitthvað annað sem snertir landfræðilega staðsetningu svæðisins sem þarf að hafa í huga við mótun nýs aðalskipulags?

3.2 STJÓRNSÝSLUSAMHENGIR

Grundarfjarðarbær tilheyrir Vesturlandi og er aðili að Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Á vegum landshlutasamtakanna og tengdra aðila eru ýmis verkefni og starfsemi sem bæjarstjórn tekur þátt í, s.s. sóknaráætlun landshlutans, Uppbyggingarsjóður, atvinnuráðgjöf, menningarráð, markaðsstofa, málefni fatlaðra, almenningssamgöngur, símenntun og samrekstur sorpurðunarstaðar.

Margvíslegt samstarf er milli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, formlegt og óformlegt. Sveitarfélögin eiga t.d. samstarf um félags- og skólapjónustu, um umhverfisvottun svæðisins, Svæðisgarðinn Snæfellsnes, rekstur húsnæðis framhaldsskóla og fleira.

Snæfellingar eiga fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd sem er umhverfisráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Þýðing fyrir áætlunargerðina

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður:

- Tekið mið af stefnuskjöllum og verkefnum sem unnin hafa verið af SSV eða í samvinnu tiltekinna sveitarfélaga (sjá kafla 3.3). Einnig verða nýttar aðrar upplýsingar sem fengnar verða með samráði við greiningu og stefnumótun (sjá 4. kafla).
- Tekið tillit til þess að hluti skipulagssvæðisins tilheyrir verndarsvæði Breiðafjarðar, m.a. með því að taka mið af Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 (sjá kafla 3.3) og með samráði við greiningu og stefnumótun (sjá 4. kafla).


Spurning til lesenda

7. Er eitthvað annað sem tengist stjórnsýslu og samstarfi sem þarf að hafa í huga við endurskoðun aðalskipulagsins?

3.3 SAMHENGIR VIÐ AÐRA ÁÆTLUNARGERÐ

Við endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar verður aðalskipulag sett fram m.t.t. efnis landsskipulagsstefnu og annarrar stefnu og áætlunargerðar ríkisins, sjá yfirlit í töflu 1 á næstu blaðsíðu og í heimildaskrá. Jafnframt verður höfð hliðsjón af stefnu, áætlunargerð og verkefnum á Vesturlandi og Snæfellsnesi, m.a. verður Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026 fylgt nánar eftir, eins og áður er komið fram.

Svæðisskipulagið var staðfest í mars 2015. Fimm sveitarfélög sammæltust þar um framtíðarsýn og stefnu um þróun byggðar á svæðinu; ákveðnar línur sem aðalskipulagi hvers sveitarfélags ber að fara eftir. Gögn svæðisskipulagsins eru jafnframt mikilvægur grunnur sem nýttur verður í aðalskipulagsgerðinni.



Mynd 4. Samspil svæðisskipulags og aðalskipulags

Landnotkunarflokkar skv. skipulagsreglugerð verða teknir fyrir og ræddir í samhengi við þemu svæðisskipulags, eins og sýnt var á mynd 2. Byggt er á sömu þemu og viðfangsefnum og í svæðisskipulaginu, með skýrri tengingu við landnotkunarflokka skipulagsreglugerðarinnar.

Tafla 1: Áætlanir, stefnuskjöl og verkefni sem varða áætlunargerðina og/eða höfð verður hliðsjón af við endurskoðun aðalskipulags og gerð rammahluta aðalskipulagsins

Á vegum bæjarins	Á Snæfellsnesi	Á Vesturlandi	Á landsvísu
Þau svæði sem hafa verið deiliskipulögð, sjá nánar á skipulag.is Fjölskyldustefna Grundarfjarðarbæjar samþykkt 2006. Stefna Grundarfjarðarbæjar í ferðaþjónustu, samþykkt 2009. Skólastefna Grundarfjarðarbæjar, samþykkt 2014.	Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026, staðf. í mars 2015. Framtíðarsýn og stefna um þróun byggðar á svæðinu sem fylgt verður eftir og gögn jafnframt nýtt við aðalskipulagsgerðina. Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna sem næst liggja; Snæfellsbær, skipulagstímabil nær til 2015, Helgafellssveit, til 2024, og Stykkishólmsbær til 2022. Umhverfissvottað Snæfellsnes, samningur sveitarfélaganna. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, samstarfssamningur fimm sveitarfélaga og aðila úr atvinnulífi, auk aðgerðaáætlunar í Svæðisskipulagi, dags. 4.4.2014. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, sbr. lög nr. 54/1995.	Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Menningarstefna Vesturlands – í mótun. Ferðaþjónusta á Vesturlandi. Staða og stefna: 2012-2015. Fyrir Vesturland og stærra svæði: Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005 -2020.	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið (2010). Kerfisáætlun Landsnets 2015–2024 (drög). Fimm ára áætlun 2013–2017. Líffræðileg fjölbreytni: Stefnumótun Íslands um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisráðun. (2008). Menningarstefna í mannvirkjagerð. Menntamálaráðun. (2007). Stefnumörkun í loftslagsmálum. Umhverfisráðun. (2007a). Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í ísl. samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar. Umhverfisráðuneytið (2007). Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Þingsályktun um ferðamannaáætlun 2011-2020. Þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014. Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022. Vegvísir í ferðaþjónustu. Ferðamálastofa (2015). Auðlindir ferðaþjónustunnar. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi.



Þýðing fyrir áætlunargerðina

Við endurskoðun aðalskipulagsins verður lögð áhersla á að:

- Nýta grunngögn og framsetningu Svæðisskipulags Snæfellsness sem best*
- Fylgja eftir stefnu sem þegar hefur verið mörkuð fyrir Snæfellsnes og Vesturland og útfæra hana nánar út frá skipulagssvæðinu, eftir því sem tilefni þykir til.*
- Framfylgja stefnu ríkisins og útfæra hana nánar fyrir skipulagssvæðið eftir því sem tilefni þykir til.*

Spurningar til lesenda

- 8. Eru önnur verkefni en hér eru tilgreind, sem snúa að stefnumótun fyrir Snæfellsnes eða einstök sveitarfélög og skipta máli við endurskoðun aðalskipulagsins?*
- 9. Eru önnur stefnuskjöl eða verkefni sem snúa að stefnumótun fyrir landshlutann en hér eru tilgreind?*
- 10. Eru önnur stefnuskjöl eða verkefni á landsvísu sem taka ætti mið af við endurskoðun aðalskipulagsins?*

4 NÁLGUN VIÐ ÁÆTLUNARGERÐINA

4.1 NÁLGUN VIÐ GREININGU OG STEFNUMÓTUN

Aðalskipulagsvinnunni má skipta í þrennt og er hvert stig nauðsynlegur undanfari þess sem á eftir kemur:

- Að draga fram stöðuna í dag og skilgreina forsendur.
- Að ákvarða framtíðarsýn; áætlun um byggðapróun og markmið sem stefnt er að, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum.
- Að útfæra framtíðarsýnina og markmiðin í stefnu aðalskipulagsins um landnotkun, byggð, samgöngur, veitur og önnur þjónustukerfi. Sá hluti tekur til vinnslu skipulagsuppráttar og setningu ákvæða fyrir svæði og reiti.

Nýtt aðalskipulag fyrir Grundarfjarðarbæ verður sett í skýrt samhengi við Svæðisskipulag Snæfellsness með eftirfarandi hætti:


- Aðalskipulagið verður byggt upp eftir þeim og viðfangsefnum svæðisskipulagsins og þau tengd við landnotkunarflokka með skýrum hætti.
- Áherslur við endurskoðunina taka mið af þeim markmiðum og verkefnum sem svæðisskipulagið skilgreinir, þó þannig að þau eru sett í staðbundið samhengi og að skipulagsnefnd og sveitarstjórn ákveða forgangs röðun miðað við þarfir og óskir sveitarfélagsins.
- Kortagrunnur svæðisskipulagsins verður nýttur og nánar útfærður eftir því sem þurfa þykir, miðað við áherslur og viðfangsefni endurskoðunar.

Í **svæðisskipulagi Snæfellsness** eru settar fram leiðir að markmiðum sem margar varða aðalskipulag sveitarfélaganna. Þær verða yfirfarnar og ákveðið hvað verður tekið áfram við endurskoðun aðalskipulagsins og hvað verður látið bíða betri tíma.

Stefna svæðisskipulags verður að öðru leyti útfærð nánar í aðalskipulaginu og leitað til íbúa um ýmsa þætti þeirrar útfærslu, með samráðsfundum.

Gildandi aðalskipulag er að sjálfsögðu til rýni, auk þess sem höfð er hliðsjón af öðrum stefnum, áætlunum og verkefnum á lands-, svæðis og –sveitarfélagsvísu, sbr. kafla 3.3.

Tiltæk eru ýmis grunngögn og -upplýsingar úr svæðisskipulaginu og vinnu við það. Þau verða nýtt í **forsendugreiningu** og við aðalskipulagsvinnuna að öðru leyti. Er þar m.a. um að ræða landupplýsingagögn sem draga upp heildarmynd af auðlindum svæðisins og sérkennum þess í landslagi og sögu. Kort sem tilheyra svæðisskipulagi nýtast sömuleiðis og má útfæra nánar í samhengi aðalskipulagsins. Framsetning þeirra upplýsinga verður eftir því sem unnt er gerð opinber á vef aðalskipulagsverkefnisins, svo íbúar og aðrir áhugasamir geti nýtt sér þau.



Mynd 6. Dæmi um landupplýsingagögn úr Svæðisskipulagi Snæfellsness sem verða nýtt í verkefninu.

4.2 NÁLGUN VIÐ UMHVERFISMAT

Umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar verða metin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, samhliða gerð skipulagsáætlunarinnar. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að reynt sé að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir þessu mati og verður skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni, á formlegum kynningartíma hennar (sbr. kafla 5). Samkvæmt fyrrgreindum lögum skal haft samráð við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Það er gert með því að setja fram svokallaða „matslýsingu“ þar sem því er lýst hvernig staðið verður að umhverfismatinu. Lýsingin verður sett fram og kynnt í 4. áfanga þessa verkefnis (sbr. kafla 5.4) þegar greiningaráfanga er lokið og fyrstu drög að stefnu liggja fyrir. Í lýsingunni verður gerð grein fyrir eftirfarandi, sbr. leiðbeiningablað Skipulagsstofnunar (2010) um umfang og áherslur í umhverfismati og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana:

- Drögum að helstu stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar (unnið í 3. og 4. áfanga sbr. kafla 5.3 og 5.4 í þessari verkefnislýsingu).
- Tengslum tillögunnar við aðra áætlanagerð (unnið í 2. áfanga sbr. kafla 5.2, sjá einnig í samhengi við kafla 3.3).
- Núverandi umhverfisaðstæðum og umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagstillöguna (unnið í 3. áfanga sbr. kafla 5.3).
- Umhverfisþáttum sem líklegt er talið að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd tillögunnar (unnið í 4. áfanga sbr. kafla 5.4).
- Umhverfisviðmiðum, þ.e. umhverfisverndarmarkmiðum sem lögð verða til grundvallar í matinu (unnið í 3. og 4. áfanga).
- Þeim þáttum tillögunnar sem taldir eru valda verulegum umhverfisáhrifum miðað við drög að áætlun.

- Raunhæfum valkostum við stefnuna eða einstaka þætti hennar.
- Hvaða aðferðum verður beitt við matið og hvernig það verður sett fram.
- Samráðsaðilum, þ.e. til hverra verður leitað eftir álitum eða upplýsingum í matsferlinu.

Umfang og áherslur umhverfismats

- Matslýsing
- Samráð við Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum áætlunar

- Umhverfisskýrsla
- Kynning fyrir almenningi og stofnunum

Afgreiðsla áætlunar

- Samþykkt áætlunar og greinargerð um afgreiðslu
- Kynning fyrir almenningi og stofnunum

Vöktun umhverfisáhrifa

- Gerð vöktunaráætlunar

Mynd 7. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Heimild: Skipulagsstofnun, 2007.

4.3 NÁLGUN VIÐ SAMRÁÐ OG KYNNINGU

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að hvetja til þátttöku íbúa og annarra hagsmunaaðila með því að gera gögn aðgengileg, bjóða til vinnufunda og með því að upplýsa íbúa og aðra áhugasama reglubundið um framgang verkefnisins og þau tækifæri sem þeir hafa til að kynna sér efni og framgang vinnunnar, spyrja spurninga og taka þátt í vinnunni á annan hátt.

AÐKOMA AÐ TILLÖGUGERÐ

Í kafla 1.4 var fjallað um hverjir hafi umsjón með vinnunni við endurskoðun aðalskipulagsins.

Sérstakir rýnifundir verða haldnir í tengslum við gerð rammahluta aðalskipulagsins þar sem hagsmunaaðilum svæðanna þriggja verður boðið til umræðu um stöðu og þróun þeirra. Íbúasamráð á almennum, opnum fundi verður haldið haustið 2016.

Íbúar hafa að öðru leyti um ýmsar leiðir að velja til að koma athugasemdum, ábendingum og spurningum á framfæri, m.a. á vef verkefnisins, sjá næsta kafla.

UPPLÝSINGAMIÐLUN

Upplýsingum um framgang verkefnisins og gögnum sem verða til við vinnslu þess verður miðlað á vef verkefnisins, www.skipulag.grundarfjordur.is Tengil á þann vef er að finna á forsiðu bæjarvefsins, www.grundarfjordur.is Á vefnum er jafnframt kostur að senda inn fyrirspurnir, athugasemdir, ábendingar og hugmyndir, beint til verkefnisstjóra og skipulags- og umhverfisnefndar.

Settur hefur verið upp aðgangsstýrður vinnuvefur fyrir skipulags- og umhverfisnefnd, hafnarstjórn og bæjarfulltrúa og aðra fulltrúa sem að vinnunni koma, þannig að þeir geti ávallt skoðað og fylgst með framvindu vinnunnar og nálgast á einum stað þau gögn sem henni tengjast.

Fréttum af helstu áföngum vinnunnar verður jafnframt miðlað í héraðs- og staðarblöðum eftir því sem tilefni er til.



Mynd 8. Vefur verkefnisins, www.skipulag.grundarfjordur.is

UMSAGNARAÐILAR

Þessi verkefnislýsing verður send til umsagnar Skipulagsstofnunar og eftirtalinna aðila sem hafa annað hvort lögbundið hlutverk sem tengist gerð aðalskipulags eða að þeir hafa staðið að áætlunum sem hafa bein áhrif á aðalskipulagið eða það mun taka mið af. Auk þess til nærliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefndar. Sömu aðilar munu jafnframt fá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar og umsagnar, fyrir formlega auglýsingu skv. skipulagslögum.

Lýsingin verður jafnframt send til kynningar til ýmissa atvinnutengdra hagsmunasamtaka og félagsamtaka í sveitarfélaginu og á Snæfellsnesi.

Breiðafjarðarnefnd
Eyja- og Miklaholtshreppur
Ferðamálastofa
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Helgafellssveit
Landgræðsla ríkisins
Landsnet
Markaðsstofa Vesturlands
Minjastofnun og Minjavörður Vesturlands
Náttúrustofa Vesturlands, framkvæmdaráð og umhverfisfulltrúi
Náttúrufræðistofnun Íslands
Nefndir Grundarfjarðarbæjar
Orkuveita Reykjavíkur v/vatns- og fráveitumála
Rarik, Vesturlandi
Samgöngustofa (Vegagerðin og Siglingastofnun)
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Skipulagsstofnun
Snæfellsbær
Stykkishólmsbær
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi
Umhverfisstofnun
Veðurstofa Íslands

Spurningar til lesenda

11. Eru fleiri aðilar en hér eru tilgreindir, sem ættu að fá þessa lýsingu skipulagsverkefnisins til umsagnar og fá síðar skipulagstillöguna til umsagnar?
12. Eru villur í listanum?

KYNNING

Skipulagslýsing þessi verður kynnt í samræmi við gr. 4.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hún verður auglýst og kynnt á vef aðalskipulagsverkefnisins, sbr. 5. kafla. Jafnframt verður lýsingin send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Drög að skipulagstillögu á vinnslustigi verða kynnt á vef aðalskipulagsins/sveitarfélagsins og á opnu húsi. Kynningin verður auglýst opinberlega og birt á sama vef. Óskað verður eftir athugasemdum og ábendingum. Nánar kveður á um kynningu aðalskipulagstillögu á vinnslustigi í gr. 4.6. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Þegar tillagan er fullmótuð verður hún auglýst skv. gr. 4.6.3. í skipulagsreglugerð og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri athugasemdum.

Íbúar Grundarfjarðarbæjar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að koma ábendingum um tillöguna á framfæri með því að senda þær á netfangið bjorg@alta.is eða með því að senda póst beint af vefnum www.skipulag.grundarfjordur.is (undir síðunni „hafa samband“).

5 SKIPULAGSFERLIÐ OG ÁÆTLUÐ TÍMARÁS

5.1 FYRSTI ÁFANGI: UNDIRBÚNINGUR

Fyrsta áfanga verkefnisins er lokið, en í honum fólst ráðning ráðgjafa, gerð verk- og tímaáætlunar, frumumsókn um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði og uppsetning á aðgangsstýrðum vinnuvef fyrir fulltrúa bæjarins sem að vinnunni koma. Auk þess var gildandi skipulagsuppdráttum breytt til samræmis við nýja skipulagsreglugerð. Upphafsfundur um endurskoðun aðalskipulagsins, viðfangsefni og verklag var haldinn þann 15. mars 2016 þar sem saman voru komnir fulltrúar úr skipulagsnefnd, hafnarstjórn og bæjarstjórn.

5.2 ANNAR ÁFANGI: VERKEFNISLÝSING

Annar áfangi vinnunnar fer fram í apríl-ágúst 2016 og felst í að útbúa og kynna þessa verkefnislýsingu, en um hlutverk hennar er fjallað í lok fyrsta kafla. Verkefnislýsingin var afgreidd af bæjarstjórn til kynningar og umsagnar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga þann 9. júní 2016. Verkefnislýsingin fer þá til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum og er birt og kynnt opinberlega, sbr. það sem segir í kafla 3.5.

Í áfanganum felst einnig að setja upp opinn upplýsingavef um aðalskipulagið, íbúum og öðrum til glöggvunar á því sem fram fer í skipulagsvinnunni.

Frumforsendum er sömuleiðis safnað, drög sett upp að áherslum og viðfangsefnum aðalskipulags og rammahlutanna.

5.3 ÞRIÐJI ÁFANGI: GREINING

Þriðji áfangi vinnunnar fer fram í maí til október 2016 og felst í frekari greiningu á málaflokkum og viðfangsefnum, frekari greiningu rammahlutasvæða, m.t.t. auðlinda og sérkenna, möguleika og áskorana. Opinn samráðsfundur með íbúum og hagsmunaaðilum verður haldinn að hausti um aðal- og rammahluta skipulags. Unnið verður gróflega úr efnivið hans, úr fyrirbyggjandi heimildum (sjá heimildaskrá) og gögnum úr vettvangsferð sem farin verður um svæðið.

5.4 FJÓRÐI ÁFANGI: STEFNUMÓTUN OG UMHVERFISMAT

Fjórði áfangi stendur frá október 2016 til maí 2017. Á því tímabili verður hin eiginlega skipulagstillaga mótuð, matslýsing vegna umhverfismats verður unnin og síðan umhverfisskýrsla.

Í þessu felst mótun tillagna að stefnu fyrir einstaka málaflokka aðalskipulags og gerð almennrar stefnu rammahluta, frekari stefna mótuð um hvern kjarna í rammahluta, gengið frá tillögu og umhverfisskýrslu til kynningar.

5.5 FIMMTI ÁFANGI: KYNNING, UMSAGNIR, AUGLÝSING

Í fimmta áfanga, sem áætlaður er frá maí til október 2017, fer fram kynning skipulagstillögu fyrir íbúum, m.a. opnir fundir, og umsagnaraðilar fá tækifæri til að gefa umsögn um hana, sbr. 31. gr. skipulagslaga. Auglýsingatíminn er 6 vikur og á því tímabili gefst öllum sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, að gera athugasemdir við tillöguna. Eftir þann kynningar- og umsagnartíma er unnið úr ábendingum og umsögnum og tillagan síðan afgreidd til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir formlega auglýsingu hennar. Unnið er úr athugasemdum Skipulagsstofnunar og tillaga síðan afgreidd til endanlegrar auglýsingar.

5.6 SJÖTTI ÁFANGI: AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Sjötti áfangi er endanleg úrvinnsla úr athugasemdum sem kunna að berast á auglýsingatíma tillögunnar, frágangur tillögu, lokaafgreiðsla aðalskipulagsnefndar og bæjarstjórnar og staðfesting Skipulagsstofnunar. Reiknað með að þetta gerist í nóvember 2017 til apríl 2018.

6 NÆSTU SKREF

Ferlið við kynningu þessarar lýsingar er eftirfarandi:

1. Skipulagsstofnun og aðrir umsagnaraðilar fá lýsinguna til umsagnar dagana 15.-16. júní 2016. Frestur Skipulagsstofnunar til að gera athugasemdir er þrjár vikur.
2. Á sama tíma er lýsingin birt á vef aðalskipulagsins, skipulag.grundarfjordur.is. Einnig er birt frétt á Facebook-síðu og á vef Grundarfjarðarbæjar 15.-16. júní og í dagblaði/staðarblöðum 15. og 16. júní. Útprintað eintak lýsingar liggur einnig frammi á bæjarskrifstofunni við Borgarbraut.
3. Frestur til athugasemda og ábendinga er til og með miðvikud. 13. júlí 2016.
4. Eftir að umsagnartíma um lýsinguna lýkur mun skipulags- og umhverfisnefnd taka athugasemdir sem kunna að berast til skoðunar við mótun tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

Síðari áfangar verða unnir í samræmi við það sem lýst er í kafla 5 og verða þeir kynntir eftir því sem verkinu vindur fram.

Ábendingar má senda til verkefnisstjóra f.h. skipulags- og umhverfisnefndar:

- *Með pósti: b.t. Grundarfjarðarbær-aðalskipulag, Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður*
- *Með tölvupósti: bjorg@alta.is*

Það athugist að þó óskað sé eftir ábendingum um efni lýsingarinnar fyrir tiltekinn tíma, þá eru ábendingar samt ávallt vel þegnar, hvenær sem er í ferlinu.

ÍTAREFNI

Þessar heimildir verða m.a. nýttar við vinnslu skipulagstillögunnar:

Spurning til lesenda

13. Hvaða fleiri heimildir ætti að skoða vegna áætlunargerðarinnar?

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar, dreifbýli:

[Dreifbýlisuppráttur](#)

[Greinargerð - dreifbýli](#)

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar, þéttbýli:

[Þéttbýlisuppráttur](#)

[Greinargerð - þéttbýli](#)

Alta (2005). Íbúáþing í Grundarfirði í mars 2005.

Alþingi (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026.

<http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>

Alþingi (2004). Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Alþingi (2009). Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013,

<http://www.althingi.is/altext/136/s/0239.html>

Alþingi (1995). Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995

<http://www.althingi.is/lagas/145a/1995054.html>

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi.

http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_nefndar_um_landnotkun_b.pdf

Atvinnuráðgjöf Vesturlands.

http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=6544&tre_rod=002|001|&tld=1

Byggðastofnun (2014). Stöðugreining Vesturlands og Stöðugreining Vestfjarða.

<http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/stodugreiningar-landshluta>

Breiðafjarðarfléttan, <http://www.flettan.is/>

Breiðafjarðarnefnd, <http://www.breidafjordur.is/>

Bændasamtök Íslands, <http://www.bondi.is>

Ferðamálasamtök Íslands, <http://www.ferdamalasamtok.is/>

Ferðamálasamtök Vesturlands,
<http://www.ferdamalasamtok.is/landshlutasamtok/vesturland>

Ferðamálastofa (2015). Auðlindir ferðaþjónustunnar.

<http://www.ferdamalastofa.is/is/samstarf-og-markadir/markadsmal/kortlagning-audlinda>

Ferðaþjónusta á Vesturlandi Staða og stefna: 2012-2015,

http://www.west.is/static/files/PDF2014/stefnuskyslamv_30052012.pdf

Fjölskyldustefna Grundfirðinga, samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 15. maí 2006,

http://grundarfjordur.is/files/Skra_0016887.pdf

Framkvæmdaráð Snæfellsness, umhverfisstofa Snæfellsnes, nesvottun.is

Framkvæmdaráð Snæfellsness (2016). Skref í rétta átt.

Grundarfjarðarbær (2013). Grundarfjörður í sókn; íbúáþing í Grundarfirði 23. nóv. 2013.

HLH ehf. (2012). Úttekt á rekstri Grundarfjarðarbæjar og tillögur.

http://grundarfjordur.is/files/Skra_0058777.pdf

Jafnréttisáætlun Grundarfjarðarbæjar, samþykkt 11. febrúar 2016

http://grundarfjordur.is/Files/Skra_0074340.pdf

Markaðsstofa Vesturlands, <http://www.west.is/is/frettir-af-innra-starfi>

Menningarráð Vesturlands, <http://www.menningarviti.is/>

Minjastofnun Íslands, þ.m.t. vefsjár, <http://www.minjastofnun.is/>

Náttúrustofa Vesturlands, <http://nsv.is/>

Nýsköpunarmiðstöð Íslands. <http://nmi.is/>

Nýsköpunarmiðstöð Íslands (2014). Einstök íslensk upplifun: Vegur til vaxtar
<http://www.einstokupplifun.is/> og
<http://www.nmi.is/baekur/einstokupplifun/files/assets/common/downloads/Upplifunarhandbok-24-september.pdf>

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005 -2020.

Samgönguáætlun 2015–2026. Greinargerð með tillögu samgönguráðs. DRÖG,
<https://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/SGA-Drog--28.-september.pdf>

Pingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022,
<http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1630.pdf>

Pingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014,
<http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1629.pdf>

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi,
http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=16040&tre_rod=002|007|&tld=1

Skipulagsstofnun (2015). Skipulag og ferðamál – hugmyndahefti. Sjá:
http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Skipulag_og_ferdamal.pdf

Skipulagsstofnun (2014). Skipulagsmál á Íslandi. Lykilmælikvarðar og fyrirbyggjandi áætlanir.
<http://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun (2014). Um skipulag haf- og strandsvæða. Löggjöf, lykilhugtök og stjórntæki. <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-haf--og-strandsvaeda-lokautgafa.pdf>

Skipulagsstofnun (2010). Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í umhverfismati.
http://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/okt2010_Leidbeiningarblad_10_-matslysing.pdf

Skólastefna Grundarfjarðarbæjar, samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar 29. apríl 2014.
Sótt 24. apríl 2016 á http://grundarfjordur.is/Files/Skra_0067080.pdf

Staðardagskrá 21 – ath.

Stefna í ferðapjónustu í Grundarfirði, samþykkt af bæjarstjórn 8. júní 2009.
http://grundarfjordur.is/files/Skra_0035710.pdf

Vaxtarsamningur Vesturlands,
http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?Sid_Id=51159&tld=1&Tre_Rod=&qsr

Vegagerðin, vegaskrá, <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/> og
<http://vegasja.vegagerdin.is/>

Vegvísir í ferðapjónustu, <http://ferdamalastefna.is/>

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.

https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Breidafjordur_verndaraetlun_2014-2019_minnkad.pdf

Vífill Karlsson og Anna Steinsen (2014). Íbúakönnun á Vesturlandi, Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, http://ssv.is/Files/Skra_0067148.pdf